

Nd.

282. Frumvarp til laga

um atvinnudeild háskólans.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

Í atvinnudeild háskólans skal veita nemendum með stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi kennslu í þessum fræðigreinum:

1. Dýrafræði.
2. Grasafræði.
3. Jarðfræði.
4. Landafræði.
5. Stærðfræði.
6. Eðlisfræði.
7. Efnafræði.

Atvinnudeild skal, eftir því sem þörf krefur, hafa samvinnu við aðrar deildir háskólans um að sjá nemendum fyrir þeirri kennslu í ofangreindum fræðigreinum, sem nauðsynleg er til undirbúnings prófs þess, sem um getur í 2. gr.

2. gr.

Eftir 3 ára nám er nemendum rétt að ljúka prófi í þeim greinum náttúrufræða, er þeir hafa valið sér. Veitir slíkt próf rétt til kennarastöðu í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum, enda sé skilyrðum annarra laga fullnægt.

3. gr.

Skýlt er sérfræðingum atvinnudeildar að annast jafnframt embættisstörfum sínum þar kennslu í greinum þeim, er í 1. gr. segir, eftir nánari ákvörðun ráðherra, sem getur ákveðið þóknun fyrir kennsluna og slíka sem goldin er eða verður fyrir tímakennslu í æðri skólum.

4. gr.

Í reglugerð skal setja fyrirmæli um það, hvað kenna skuli í hverri grein náttúrufræða samkvæmt 1. gr., um tilhögun kennslu, próf og hvað annað, er kennslu varðar.

5. gr.

Í atvinnudeild háskólans skulu vera þessar undirdeildir:

1. Fiskirannsóknadeild.
2. Fiskiðnaðardeild.
3. Iðnaðardeild.
4. Landbúnaðardeild.

6. gr.

Fiskirannsóknadeild starfar að

1. Svifrannsóknnum.
2. Hafrannsóknnum.
3. Rannsóknnum nytjafiska.
4. Vatnarannsóknnum.

7. gr.

Fiskiðnaðardeild starfar að rannsóknnum á hagnýtingu fiskafurða, tilreiðslu þeirra til markaða og geymslu.

8. gr.

Iðnaðardeild hefur þessi verkefni með höndum:

1. Efnarannsóknir almennt.
2. Gerlarannsóknir, þar á meðal rannsóknir mjólkur og annarra matvæla og drykkja.
3. Rannsóknir byggingarefna, iðnaðarvara og annarra slíkra vara.

9. gr.

Landbúnaðardeild hefur þessi verkefni með höndum:

1. Jarðvegsrannsóknir.
2. Jurtakynbætur og fræðarannsóknir.
3. Rannsókn jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknir og fóðurtilraunir.
5. Búfjáarkynbætur.

10. gr.

Ráðherra getur breytt verksviði deilda og aukið eftir þörfum, enda sé áður leitað tillagna hlutaðeigandi forstöðumanna deildanna, enda sker ráðherra úr með sama skilyrði, er vafi eða ágreiningur verður um það, hvaða deild skuli sinna tilteknu verkefni.

Tekjur af starfsemi hverrar deildar renna allar í ríkissjóð, enda getur ráðherra, að fengnum tillögum hlutaðeigandi forstöðumanns, sett gjaldskrá fyrir verk, er deildin innir af hendi.

11. gr.

Forseti skipar forstöðumann deildar hverrar, enda skal hann vera sérfræðingur í einhverri þeirri grein, er deildin hefur með höndum. Forstöðumenn hafa sömu réttindi sem prófessorar og skyldur. Aðra sérfræðinga skipar ráðherra, og hafa þeir sömu réttindi og skyldur sem dósentar við háskólann. Ákvæði 1. gr. laga nr. 24 19. maí 1930, um háskólakennara, taka eigi til þessara sérfræðinga atvinnudeildar. Aðra starfsmenn ræður ráðherra eftir þörfum og í samráði við forstöðumann hverrar deildar.

12. gr.

Sérfræðingar þeir, er getur í 11. gr., kjósa forseta atvinnudeildar, og hefur hann sömu réttindi og skyldur sem forsetar annarra háskóladeilda.

13. gr.

Að því leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, lýtur atvinnudeild þeim lögum, er á hverjum tíma gilda um Háskóla Íslands.

14. gr.

Fasteignir, hús, tæki og annað í þarfir atvinnudeildar, þar á meðal ríkisbúið á Hesti í Borgarfirði, leggur ríkissjóður til, að svo miklu leyti, sem háskólinn gerir það ekki. Ríkissjóður kostar og framkvæmdir þær allar, er í lögum þessum greinir.

15. gr.

Rannsóknarstofa háskólans og tilraunastöðin á Keldum í Mosfellssveit lúta læknaeild háskólans, enda skipar ráðherra sá, er fer með mál hans, þar forstöðumenn og starfsfólk að fengnum tillögum læknaeildar. Hann setur og með sama hætti og segir í 11. gr. þær reglur um stofnanir þessar, er nauðsynlegar kunna að verða.

16. gr.

Með þessum lögum eru úr gildi numin:

10. gr. 6. tölul. í lögum nr. 64 1940.
- III. kafli laga nr. 68 1940.

17. gr.

1.—14. gr. laga þessara koma til framkvæmda eftir því, sem efni vinna til og fé er veitt í fjárlögum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ráðherra er heimilt að fela öðrum deildum fyrst um sinn að starfa að þeim verkefnum, sem iðnaðardeild eru ætluð í lögum þessum.

Greinargerð.

Menntamálanefnd flytur frv. þetta að beiðni hæstv. menntamálaráðherra. Einstakir nefndarmenn hafa óbundnar hendur um afstöðu til frv. og brtt. við það.

Frv. fylgdi eftirfarandi greinargerð og fylgiskjöl:

Menntamálaráðherra skipaði í síðastl. maímánuði 6 manna nefnd til þess að gera tillögur um atvinnudeild háskólans og samband hennar við þá stofnun. Í nefndina voru skipaðir Alexander Jóhannesson prófessor, og var hann formaður, Niels Dungal prófessor, Árni Friðriksson fiskifræðingur, Ásgeir Þorsteinsson verkfræðingur, Björn Sigurðsson læknir og dr. Þórður Þorbjarnarson. Nefndin skilaði ýtarlegum tillögum um hinar einstöku deildir atvinnudeildarinnar, og er frumvarp þetta í öllum aðalatriðum byggt á athugunum og tillögum nefndarinnar.

Með frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er keppt að því að skapa traustan vísindalegan grundvöll undir höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, og er þess að vænta, að hinum ungu vísindamönnum, er þegar hafa verið ráðnir til þessara starfa, megi takast í samvinnu við þá vísindamenn, er starfað hafa við stofnun þessa á undanfórnum árum, að leysa hin mikilvægu verkefni, er þeirra biða. Íslendingum er nú meiri þörf en nokkru sinni áður að hagnýta gæði landsins til sjávar og sveita, koma á nýtzku búskap, er reistur sé á vísindalegri þekking allra gróðurskilyrða, hagnýta vélar og allar tæknilegar nýjungar, kynbæta nytjajurtir og vinna þær vörur, er um verð og gæði geti staðizt samkeppni við sams konar vörur á erlendum markaði.

Veigamesta verkefnið er þó að endurbæta fiskframleiðslu landsmanna, skapa fiskiðnað í stórum stíl, er sé samkeppnisfær við hið bezta meðal annarra þjóða, og auka á þann hátt verðmæti útfluttra sjávarafurða, enda er aðalbreytingin á skipulagi atvinnudeildar, sem gert er ráð fyrir í frv. þessu, fólgin í stofnun nýrrar deildar, fiskiðnaðardeildar. Tilgangurinn er að sameina í einni stofnun allar vísindalegar rannsóknir á þessu sviði og veita þeim eins fullkomin starfsskilyrði og unnt er.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að tekin verði upp kennsla í náttúrufræðum við atvinnudeildina og stofnun þessi á þann hátt tengd háskólanum eins og aðrar deildir. Er þetta í samræmi við margendurteknar óskir háskólakennara og stúdenta, enda hefur millipinganevnd í skólamálu bent á, að nauðsyn sé margra kennara í þessum fræðum við gagnfræðaskóla landsins og aðra hliðstæða skóla, og er kennsla og próf miðað við þá menntun, sem til þess þarf að kenna þessi fræði við framhaldsskóla. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir, að kennsla verði miðuð við fyrrihlutanám í náttúrufræði, enda þótt hún geti orðið gagnlegur undirbúningur fyrir þá, sem fara utan til frekara náms að afloknu prófi í atvinnudeild. Í atvinnudeild er auðvelt að koma þessari kennslu á, þar eð helmingur þeirra námsgreina, er um ræðir til náttúrufræðiprófs, er þegar kenndur í verkfræðideild, og er því um mjög óverulegan kostnaðarauka að ræða, en háskólanum mikill fengur að því að geta aukið starfssvið sitt og fjölbreytni námsgreina.

Í frv. þessu er gert ráð fyrir, að rannsókn búfjársjúkdóma verði tekin undan landbúnaðardeild og lögð undir læknadeild. Er þetta gert í samræmi við skilyrði Rockefellerstofnunarinnar, er gaf nálega eina milljón króna til væntanlegrar stofnunar til rannsókna á búfjársjúkdómum, og í samráði við þá menn, er þar eiga að starfa.

Loks er gert ráð fyrir að hefja rannsóknir á byggingarefnum í samræmi við þær óskir, er komu fram á síðasta Alþingi. Eðlilegast er, að þessar rannsóknir verði lagðar undir yfirumsjón verkfræðideildar, enda æskilegt, að hinir ungu stúdentar þessarar deildar kynnist hinum hagnýtu verkefnum byggingarmála þjóðarinnar og geti e. t. v. tekið þátt í þeim störfum á námsárunum.

Þessi endurskipulagning atvinnudeildarinnar mun að sjálfsögðu hafa nokkurn aukinn kostnað í för með sér, en hver sú þjóð, er hagnýtir sér eigi til fullnustu þekking vísindanna á hverjum tíma, hlýtur að dragast aftur úr og verða ósamkeppnisfær við aðrar menningarþjóðir.

Frumvarpið hefur verið sent til umsagnar háskólaráðs og millipinganefndar í skólamálaum. Hafa báðir þessir aðilar eindregið lagt til, að frv. yrði að lögum. Athugasemdir háskólaráðs og millipinganefndar hafa að mestu verið teknar til greina í frv. eins og það er flutt á Alþingi.

Ákvæði til bráðabirgða, um iðnaðardeildina, er ekki samkvæmt tillögum nefndarinnar. En þar sem það orkar tvímælis, hvort nauðsynlegt er að hafa sérstaka iðnaðardeild, meðan verkefni þau, sem henni eru ætluð, eru þess eðlis, að vel getur komið til greina að fela þau öðrum deildum, þótti ráðuneytinu rétt að hafa ákvæði þetta í frumvarpinu.

Hér fara á eftir tillögur skipulagsnefndar atvinnudeildar og greinargerðir, ásamt umsögn háskólaráðs og skólamálanefndar:

1. Lausleg fjárhagsáætlun um fiskideildina eins og hún ætti að vera, þegar búið væri að koma henni í framtíðarhorf.
2. Áætlaðar tekjur og gjöld fiskiðnaðardeildar með 3 fskj.
3. Tillögur um iðnaðardeild með 2 fskj.
4. Tillögur um landbúnaðardeild.
5. Heildartillögur um atvinnudeild.
6. Tillögur um kennslu í náttúrufræðum.
7. Hve marga náttúrufræðinga þarf Ísland?
8. Endurskoðuð kostnaðaráætlun um kennslu í náttúruvísindum til fyrri hluta.
9. Tilraunastofnun í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit, ásamt kostnaðaráætlun með fylgiskjölum.
10. Áætlaðar breytingar á tekjum og gjöldum Rannsóknarstofu Háskólans vegna rannsóknarstofnunar að Keldum og stofnunar fyrir fiskiðnað.
11. Eftirrit af bréfi Rockefellerstofnunarinnar til forsætisráðherra og rektors háskólans, dags. 21. maí 1945.
12. Bréf háskólaráðs, dags. 29. okt. 1945.
13. Bréf millipinganefndar í skólamálaum, dags. 13. okt. 1945.

Fylgiskjal I.

Lausleg fjárhagsáætlun fyrir Fiskideildina eins og hún ætti að vera, þegar búið væri að koma henni í framtíðarhorf.

Ef gert er ráð fyrir, að hér verði haldið uppi alhliða fiskirannsóknnum til þess að tryggja útveg landsmanna og taka þátt í alþjóða samvinnu, mætti ætla, að árleg útgjöld í sambandi við þær yrðu eins og að neðan greinir.

I. Starfsmenn.

| | | |
|---|-----------|-----------|
| Forstjóri | kr. 10200 | kr. 10200 |
| 4 sérfræðingar | — 9600 | — 38400 |
| 3 fagl. aðstoðarm. | — 7800 | — 22800 |
| 4 stúlkur | — 4800 | — 19200 |
| | | _____ |
| | | kr. 90600 |
| Dýrtíðaruppbót skv. núg. visitölu (274) | | — 157624 |

II. Önnur útgjöld.

| | | |
|---|-----------|------------|
| Kostnaður vegna 4 sérfr. | kr. 15000 | kr. 60000 |
| Kostnaður vegna 3 aðstm. | — 3000 | — 9000 |
| Til útgáfustarfsemi | | — 30000 |
| Ræsting, eldsneyti, ljós, viðhald etc. | | — 20000 |
| Annar kostnaður | | — 20000 |
| | | <hr/> |
| | | kr. 139000 |
| | | <hr/> |
| | | Kr. 387224 |

Það skal tekið fram, að í nágildandi fjárlögum eru Fiskideildinni ætlaðar kr. 202725, en hér verður að líta á það, að gert er ráð fyrir meiri mannafla, og eru laun þeirra miðuð við þá vísitölu, sem nú er, og talin fram eins og þau verða hæst. Ætlazt er til, að forstjórinn sé fiskifræðingur og hafi sjálfur með höndum rannsóknir á einhverju mikilvægu sviði í samvinnu við einn aðstoðarmannanna. Skipting starfsins á sérfræðingana er hugsanleg þannig:

| | |
|--|--|
| Sérfræðingur í svifrannsóknnum (Plankton). | |
| — - sjórannsóknnum (Hydrografía). | |
| — - þorskfiskum (fiskifræðingur). | |
| — - vatnarannsóknnum (Limnología). | |

Raunverulega ætti starfsemi vatnalíffræðingsins að teljast til landbúnaðarrannsóknna, og mætti telja kostnaðinn við hans starf:

| | |
|-----------------------|----------|
| Laun hans | kr. 9600 |
| — aðstoðarmanns | — 7800 |
| — stúlku | — 4800 |
| Rekstrarfé | — 25000 |
| | <hr/> |

Kr. 47200

Af þessu verður séð, að til hafrannsóknanna sjálfra færi ekki nema kr. 340004, og þótt það kunni að sýnast allmikil fúlga, má benda á það, að í nágildandi fjárlögum er áætlað að verja kr. 408385 til skógræktar, 310025 til sandgræðslu og kr. 670000 til landbúnaðarrannsóknna. Yrði því að telja framlag til fiskirannsóknna, þótt það væri eins og áætlað er að framan, mjög í hóf stillt.

Munurinn á kostnaðinum við þær fiskirannsóknir, sem hér er gert ráð fyrir, og fiskirannsóknunum, sem nú eru reknar, er kr. 184499. Um fjórðungur þessarar upphæðar fer til vatnarannsóknna, og yrði þeim þá í fyrsta skipti gerð allveruleg skil. Þrír fjórðu kostnaðaraukans færu á hinn bóginn til þess að auka hafrannsóknirnar sem mest má verða og rannsaka sem allra bezt þann grundvöll, sem fiskveiðarnar hvíla á, eins og hann er sérhverju sinni.

Þó að hér verði eigi leitast við að gera sérstakar tillögur til fjáröflunar fyrir fiskirannsóknirnar, — vafasamt hvort ríkissjóður á ekki að sýna útveginum þá risnu að standa undir þeim sjálfur —, þá má benda á, að eigi er loku fyrir skotið, að t. d. veiðifélög eða aðrir hlutaðeigendur bæru verulegan hluta af vatnarannsóknunum með einhverju heppilegu fyrirkomulagi. Sömuleiðis gæti samvinna við útgerðarmenn, bæði á skipum og í verstöðvum, sparað rannsóknunum stórfé, sem kæmi til frádráttar þeim útgjöldum, sem gert var ráð fyrir, útgerðarmönnum að kostnaðarlitlu. Er hér átt við söfnun efniviðar til rannsóknanna. Til dæmis má nefna, að ef mælt væri 100000 af þorski á ári, en að því verður að keppa í framtíðinni, að það verði lágmark, og teknar kvarnir úr 10000, þá kostar það rannsóknirnar um kr. 20000 með núverandi verði. Ef þetta starf fer fram í 6 verstöðvum og á fjórum skipum, yrði kostnaður sá, sem kæmi í hlut, hverfandi lítill, þar sem nota mætti „fastamenn“ til starfans, útgerðinni því nær að kostnaðarlausu.

Ýmislegt annað mætti telja, sem verða mætti til þess að draga úr útgjöldunum, en eigi er tímabært enn að ganga frá áætlunum í þessu efni.

Fylgiskjal II.

Áætlaðar tekjur og gjöld fiskiðnaðardeildar.

| | Gjöld : | |
|--|-----------|-----------------------|
| | Árslaun | Árslaun |
| 1. Mannahald: | | |
| 1 forstjóri | kr. 10200 | kr. 10200 |
| 2 efnafræðingar | — 9600 | — 19200 |
| 1 dýrasérfræðingur | — 9600 | — 9600 |
| 1 matsstjóri, sem jafnfr. er sérfræðingur í niðursuðu | — 9600 | — 9600 |
| 1 starfsmaður í tilraunastöð, sem jafnfr. er húsvörður | — 8000 | — 8000 |
| 5 aðstoðarstúlkur | — 4200 | — 21000 |
| | | Kr. 77600 |
| Dýrtíðaruppbót á 77600.00, vísitala 274 | | — 135024 |
| | | Alls kr. 212624 |
| 2. Annar kostnaður: | | |
| Til kaupa á efnivörum, áhöldum, bókum og tímaritum | kr. 40000 | |
| Dýrafóður o. fl. | — 15000 | |
| Rekstrarkostnaður vegna tilraunastöðvar | — 25000 | |
| Ræsting, ljós og hiti | — 20000 | |
| Ársskýrsla | — 15000 | |
| | | Kr. 115000 |
| | | Gjöld alls kr. 327624 |

Tekjur :

Erfitt er að gera sér grein fyrir, hve miklar tekjur fiskiðnaðardeild getur haft. Þó má gera ráð fyrir, að tekjur þær, sem Fiskifélag Íslands og Rannsóknarstofa háskólans hafa nú af þeirri starfsemi, sem leggja á undir fiskiðnaðardeild, muni að óbreyttum aðstæðum frekar aukast en dragast saman eftir að deildin tekur til starfa. Tekjur þær, sem deildin getur haft af mati á freðfiski og niðursuðvörum, eru miklu óvissari og raunar illmögulegt að áætla þær fyrir en matslögjöfin hefur verið endurskoðuð og vitað er með vissu, hvern þátt fiskiðnaðardeild muni eiga í matinu í framtíðinni.

Til bráðabirgða hafa tekjur deildarinnar verið áætlaðar sem hér segir:

| | |
|---|----------------|
| 1. Tekjur af efna- og dýrarannsóknnum | kr. 60000 |
| 2. Tekjur af mati í sambandi við framleiðslu freðfisks og niðursoðins fisks | — 30000 |
| | Alls kr. 90000 |

Fskj. 1.

Greinargerð vegna námskeiða fyrir fiskiðnaðarmenn, sem fyrirhugað er, að fiskiðnaðardeild Atvinnudeildar háskólans stofni til, þegar hún tekur til starfa.

Gert er ráð fyrir, að fiskiðnaðardeild stofni til námskeiða fyrir matsmenn, verkstjóra og aðra iðnaðarmenn í öllum helztu greinum fiskiðnaðarins, þegar er hún hefur tekið til starfa og önnur skilyrði eru fyrir hendi.

Tilgangurinn með námskeiðum þessum er að auka þekkingu þeirra manna, sem verkstjórn hafa á hendi í fiskiðnaðinum, og annarra þeirra, sem áhuga hafa fyrir þessum málum, og gera þá á þann hátt hæfari til þess að gegna starfi sínu.

Engin ákvörðun hefur verið um það tekin, hve mörg námskeið verða haldin eða hve lengi þau skuli standa yfir, enda er tæplega tímabært að taka ákvarðanir um það á þessu stigi málsins. Sennilegt er, að til að byrja með verði námskeiðin ekki nema tvö, annað fyrir lifrabræðslumenn, hitt fyrir verkstjóra og matsmenn í frystihúsum. Síðar yrði námskeiðunum fjölgað eftir því, sem þörf krefði.

Í sambandi við námskeið þessi er fyrirhugað, að fiskiðnaðardeild gefi út handbækur í hinum ýmsu greinum fiskiðnaðarins, þar sem dreginn verður saman nauðsynlegur fróðleikur um hverja iðngrein.

Á námskeiðunum verður síðan að verulegu leyti stuðzt við handbækur þessar við kennsluna.

Á þessu stigi málsins er ekki hægt að segja fyrir um tilhögun námskeiðanna í einstökum atriðum, en áherzla verður einkum lögð á eftirfarandi atriði:

1. Að koma námskeiðsmönnum í sem gleggstan skilning um þau fræðilegu grundvallaratriði, sem verkun fiskisins byggist á.
2. Að kynna þeim það bezta, sem þekkist hér og erlendis í vinnutækni og við kemur þeirra sérgrein.
3. Að brýna fyrir þeim vöruvöndun og góða nýtingu hráefna.

Starfsmenn fiskiðnaðardeildar munu að mestu leyti geta annast kennslu á námskeiðunum, en óefað verður einnig leitað til annarra sérfróðra manna um erindaflutning.

Fskj. 2.

Útflutningsgjald af nokkrum sjávarafurðum.

| | Magns- eining | Gjald- eining | Fisk- veiða- sjóðs- gjald % | Fiski- mála- sjóðs- gjald % | Síldar- sölu- gjald % | Leyfis- gjald % | Við- skipta- ráðs- gjald % |
|--|------------------|------------------|---|---|--------------------------------|-----------------------|--|
| Síld: óunnin til bræðslu | 100 kg | kr. 0.25 | 1/8 | „ | 2 | 1/2 | 1/2 |
| — ísuð, fryst, niðurs. eða reykt | | 1 1/2 % | 1/8 | 1/2 | „ | 1/2 | 1/2 |
| — krydduð eða söltuð | | 1 1/2 % | 1/8 | „ | 2 | 1/2 | 1/2 |
| Síldarmjöl | 100 kg | kr. 1.00 | 1/8 | „ | „ | 1/2 | 1/2 |
| Síldarlýsi | | 1 1/2 % | 1/8 | „ | „ | 1/2 | 1/2 |
| Saltfiskur, verk. eða óverkaður . | | | 1/8 | 1/2 | „ | 1/2 | 1/2 |
| Fiskur: nýr, ísaður, frystur, reyktur, hertur eða niðursoðinn | | 1 1/2 % | 1/8 | 1/2 | „ | 1/2 | 1/2 |
| Fiskúrgangur, óþurrkaður | 100 kg | kr. 0.50 | 1/8 | 1/2 | „ | 1/2 | 1/2 |
| — þurrkaður og óunninn | 100 kg | kr. 1.00 | 1/8 | 1/2 | „ | 1/2 | 1/2 |
| Þorskalýsi | | 1 1/2 % | 1/8 | 1/2 | „ | 1/2 | 1/2 |
| Fiskimjöl | | 1 1/2 % | 1/8 | 1/2 | „ | 1/2 | 1/2 |
| Hrogn: ný, ísuð, fryst eða söltuð | | 1 1/2 % | 1/8 | 1/2 | „ | 1/2 | 1/2 |

Fskj. 3.

Útfluttar íslenzkar afurðir allt árið 1944. — Skýrsla frá Hagstofu Íslands.

| Vörutegundir | Magn | Verð (kr.) |
|---------------------------|------|-------------|
| Saltfiskur verkaður | kg | 39 285 |
| — óverkaður | --- | 1 170 780 |
| — í tunnum | --- | 82 350 |
| Harðfiskur | --- | 225 900 |
| Ísfiskur | --- | 143 705 230 |
| Fræðfiskur | --- | 21 723 576 |
| Fiskur niðursoðinn | --- | 205 564 |
| Síld söltuð | tn. | 19 689 |
| Lýsi | kg | 6 377 346 |
| Síldarolía | --- | 26 429 279 |
| Fiskimjöl | --- | 1 116 890 |
| Síldarmjöl | --- | 27 040 100 |
| Samtals | | 228 135 989 |
| | | 235 784 280 |

Fylgiskjal III.

SKIPULAGSNEFND ATVINNUDEILDAR

Reykjavík, 13. sept. 1945.

Tillögur um iðnaðardeild.

Nefndin hefur á fundi í gær orðið sammála um að leggja til, að iðnaðardeild starfi áfram með svipuðu sniði og hingað til og með sama nafni. Nefndin leggur til, að rannsóknir á byggingarefni verði lagðar undir þessa deild, en próf. Trausti Ólafsson hefur lofað að veita þessum rannsóknum fyrst um sinn forstöðu. Vilhjálmur Guðmundsson cand. polyt. hefur af atvinnumálaráðherra verið ráðinn sem sérfræðingur í rannsóknum á byggingarefnum, og verða því starfskraftar þessarar deildar:

Efna- og gerlarannsóknir: dr. Jón Vestdal, dr. Sigurður Pétursson, Bjarni Jósefsson efnafræðingur og 4 aðstoðarstúlkur.

Byggingarefnarannsóknir: Próf. Trausti Ólafsson og Vilhjálmur Guðmundsson cand. polyt.

Liklegt er, að aðstoðarmanns verði þörf við þessar rannsóknir, en engar tillögur hefur sérfræðingurinn Vilhjálmur Guðmundsson, sem nú dvelst erlendis, gert um rekstrarkostnað þessara rannsókna. Hins vegar hefur próf. Trausti Ólafsson að beiðni nefndarinnar lagt fram lauslega áætlun um 75000 króna stofnkostnað (fyrir vélar, áhöld o. fl.) og 50000 kr. rekstrarkostnað (fylgiskjal 1). Aðra áætlun um rekstrarkostnað iðnaðardeildarinnar hefur dr. Jón Vestdal lagt fram (fylgiskjal 2).

Þar eð próf. Trausti Ólafsson lætur af stjórn iðnaðardeildarinnar, telur nefndin nauðsynlegt, að nýr forstöðumaður verði skipaður og leggur til, að bætt verði við nýjum efnafræðingi með byrjunarlaunum (kr. 7200). Þessum efnafræðingi ætti að fela að annast einkum rannsóknir fyrir búnaðardeild, en forstöðumaður búnaðardeildar, dr. Halldór Pálsson, hefur með bréfi, dags. 11. sept. (sjá fylgiskjal með tillögum um landbúnaðardeild), lagt til, að sérstakur efnafræðingur verði ráðinn að búnaðardeild. Skipulagsnefnd þykir eðlilegra, að efnafræðingur þessi verði starfsmaður iðnaðardeildar, svo að rýrðir verði ekki starfskraftar þessarar deildar, enda hefur iðnaðardeild hingað til annast efnafræðilegar rannsóknir fyrir búnaðardeild.

Á grundvelli ofanritaðra tillagna hefur nefndin samið meðfylgjandi rekstraráætlun iðnaðardeildar.

Fskj. 1.

Rekstraráætlun iðnaðardeildar.

I. Efna- og gerlarannsóknir:

| | |
|---|----------------|
| 1. Laun (vísitala 275) | kr. 155 100.00 |
| 2. Efni og rannsóknaráhöld | — 20 000.00 |
| 3. Viðhald | — 1 000.00 |
| 4. Gas og rafmagn | — 2 000.00 |
| 5. Bækur og tímarit | — 3 000.00 |
| 6. Símakostnaður | — 1 400.00 |
| 7. Ýmislegt (sloppar, þvottur o. fl.) | — 3 000.00 |
| 8. Útgáfukostnaður | — 4 000.00 |

Kr. 189 500.00

Áætlaðar tekjur

kr. 60 000.00

II. Byggingarefnarannsóknir:

| | | | | | |
|--------------------------------------|------------|-------|--------|--------|-----|
| 1. Laun: Trausti Ólafsson próf. | kr. 11 100 | — með | visit. | 30 525 | kr. |
| Vilhj. Guðmundsson | — 9 600 | — — — | | 26 400 | — |
| 1 aðstoðarst. | — 3 000 | — — — | | 8 250 | — |

65 175 kr.

| | |
|----------------------------|------------|
| 2. Stofnkostnaður | 75 000 kr. |
| 3. Rekstrarkostnaður | 10 000 — |

Fskj. 2.

Reykjavík, 11. sept. 1945.

Fyrir árið 1945 var gerð svofelld áætlun um rekstrarkostnað Iðnaðardeildar Atvinnudeildar háskólans:

| | | | | |
|---|-----------|-----------|--------------|--|
| 1. Laun: | Grunnlaun | Aukauppb. | Verðl. uppb. | |
| Forstjóri (Tr. Ól.) | 7 200.00 | 1 920.00 | 13 680.00 | |
| Aðstoðarefnafr. (B. J.) | 7 200.00 | 1 920.00 | 13 680.00 | |
| Matvælasérfr. (J. V.) | 7 200.00 | 1 920.00 | 13 680.00 | |
| Gerlafr. (S. P.) | 7 200.00 | 1 920.00 | 13 680.00 | |
| Fiskiðnf. (Þ. Þ.) | 1 200.00 | 300.00 | 2 250.00 | |
| Starfsstúlkur | 13 800.00 | 3 930.00 | 26 595.00 | |
| | 43 800.00 | 11 910.00 | 83 565.00 | |
| Ómagastyrkir | | | 2 100.00 | |
| | | | | kr. 141 375.00 |
| 2. Efni og rannsóknaráhöld | | | | — 20 000.00 |
| 3. Viðhald | | | | — 1 000.00 |
| 4. Gas og rafmagn | | | | — 2 000.00 |
| 5. Bækur og timarit | | | | — 3 000.00 |
| 6. Símakostnaður | | | | — 1 400.00 |
| 7. Ýmislegt (sloppar, þvottur o. fl.) | | | | — 3 000.00 |
| 8. Útgáfukostnaður | | | | — 4 000.00 |
| | | | | Samtals kr. 175 775.00 |
| Áætlaðar tekjur Iðnaðardeildarinnar: | | | | |
| Tekjur af ýmsum rannsóknum | | | | kr. 50 000.00 |
| | | | | Mismunur: Útgjöld umfram tekjur kr. 125 775.00 |

Vegna launalaga þeirra, er gengu í gildi á þessu ári, hafa orðið þær breytingar á launagreiðslu við Iðnaðardeildina, að grunnlaun eru þar nú mánaðarlega kr. 5105.00, samsvarandi kr. 61260.00 á ári, og miðað við visitölu 275, eins og hún nú er, eru árlegar launagreiðslur kr. 168465.00.

Verði nú breyting gerð á Iðnaðardeildinni, sem ráð er fyrir gert og hún verði hér eftir efna- og gerlarannsóknardeild Atvinnudeildarinnar, mundu launagreiðslur verða sem hér segir:

| | |
|---|-----------------------|
| 1. Forstjóri | kr. 10 200.00 |
| 2. 3 sérfræðingar (einn efnafræðingur með kr. 9600.00 á ári og einn gerlafræðingur með kr. 9600.00 á ári og einn efnafræðingur með kr. 7200.00 á ári) | — 26 400.00 |
| 3. 4 aðstoðarstúlkur (þrjár með kr. 5400.00 og ein með kr. 3600.00 á ári) | — 19 800.00 |
| | Samtals kr. 56 400.00 |

En sé miðað við, að visitalan sé 275, yrðu árlegar launagreiðslur kr. 155100.00, og er það nokkru minna (13365.00) en nú er hjá Iðnaðardeildinni.

Ekki virðist vera ástæða til að gera athugasemdir eða tillögur til breytinga við aðra liði í gjaldaáætluninni um rekstur Iðnaðardeildarinnar, þeir munu geta staðið

óbreyttir fyrir efna- og gerlarannsóknardeild þá, sem fyrirhuguð er. Um tekjuáætlunina virðist hins vegar vera ástæða að fara nokkrum orðum.

Við deildina hefur verið í gildi allt frá því hún var sett á stofn og er enn í gildi tvenns konar gjaldskrá. Fyrir sumt af því, sem rannsakað hefur verið á deildinni, hefur verið krafizt sanngjarnrar greiðslu, en fyrir annað miklum mun minna en sanngjarnt getur talizt. Þær rannsóknir, sem notið hafa hins lága taxta, eru ýmiss konar og gerðar fyrir ýmsa aðila, kaupmenn, útflytjendur, iðnrekendur o. s. frv., og er ekki hægt að sjá neina ástæðu til þess, að þessum aðilum sé veittur styrkur til rannsóknanna, enda munu þeir aldrei hafa farið fram á slíkt. Er það og algerlega óviðunandi, að við sömu stofnunina sé greitt misjafnlega mikið fyrir sams konar rannsóknir. Það er því nauðsynlegt, að komið verði á samræmi í þessu efni og í framtíðinni krafizt hærri greiðslu fyrir þær rannsóknir, sem fram til þessa hafa verið lægst reiknaðar. Ef svo verður gert, má gera ráð fyrir auknum tekjum deildarinnar fyrir rannsóknir. Er erfitt að áætla, hversu miklu það kann að nema, en ekki mun óvarlegt að áætla tekjur af rannsóknum kr. 60000.00.

Jón E. Vestdal
(sign.)

Fylgiskjal IV.

SKIPULAGSNEFND ATVINNUDEILDAR HÁSKÓLANS

Reykjavík, 20. sept. 1945.

Skipulagsnefnd hefur orðið sammála um að gera eftirfarandi tillögur um landbúnaðardeild:

Í lögum um rannsóknir og tilraunir í þágu landbúnaðarins frá 1940, 10. gr., er gert ráð fyrir, að landbúnaðardeild hafi með höndum þessi verkefni:

1. Jarðvegsrannsóknir.
2. Jurtakynbætur og frærrannsóknir.
3. Rannsókn jurtasjúkdóma.
4. Fóðurrannsóknir og fóðrunartilraunir.
5. Búfjáarkynbætur.
6. Rannsókn búfjársjúkdóma.

Þar sem skipulagsnefnd hefur þegar gert tillögur um, að rannsókn búfjársjúkdóma verði falin sérstakri stofnun, er lögð verði undir læknadeild, sbr. bréf nefndarinnar til kennslumálaráðherra, verða 5 liðir eftir, og skal nú farið nokkrum orðum um hvern þeirra fyrir sig.

Liður 1. Dr. Björn Jóhannesson hefur þegar verið ráðinn til þess að annast þessar rannsóknir, og hefur hann með bréfi, dags. 11. júní, lagt fram greinargerð um verkefni í jarðvegs- og ræktunarfræðum ásamt tillögum um sköpun nauðsynlegra vinnuskilyrða fyrir rannsóknarstarfsemi á þessum sviðum við landbúnaðardeildina.

Auk vinnustofu í núverandi atvinnudeildarbyggingu er honum þörf á gróðurhúsi sem næst rannsóknastofu sinni með áföstu geymsluplássi. Gróðurhús þetta með geymsluplássi þarf ekki að vera nema ca. 100 flatarmetrar; er það álit nefndarinnar, að gróðurskála þessum mætti koma fyrir syðst á háskólalóðinni fyrir sunnan væntanlega byggingu fyrir fiskirannsóknar- og fiskiðnaðardeild, ef háskólaráð samþykkir. Dr. Björn þarf á aðstoðarmanni að halda og auk þess umráð yfir allstóru landi til jarðræktartilrauna. Aukinn kostnaður vegna þessa 1. liðar verður þá:

Stofnkostnaður:

| | |
|--|--------------|
| 1. Gróðurhús á háskólalóð | kr. 50000.00 |
| 2. Ljósútbúnaður, pottar o. fl. | -- 10000.00 |
| 3. Specialvinnuborð og áhöld í efnarannsóknastofu jarðvegs | — 15000.00 |
| 4. Skrifborð, stólar og skápar í vinnustofu | — 5000.00 |
| | ----- |
| | kr. 80000.00 |

Rekstrarkostnaður:

| | | |
|---|--------------|---------------|
| 1. Laun B. J. 9600.00 | kr. 26400.00 | |
| 2. Laun aðstm. 1. fl. 6000.00 | — 16500.00 | |
| 3. Ferðakostnaður | — 10000.00 | |
| 4. Rekstrarkostnaður efnarannsóknarst. | — 13000.00 | |
| | | kr. 65900.00 |
| | | Kr. 145900.00 |

Liður 2. Dr. Áskell Löve hefur með bréfi dags. 22. ágúst sent nefndinni tillögur sínar um störf hans, er að kynbótum nytjajurta lúta. Leggur hann til, þar sem jurta-kynbótum er eðlilegt að skipta í tvo flokka, að hann taki að sér hinar eiginlegu kynbætur (kynbætur jurta og grasa af belgjurtaættum), en kona hans, fil. dr. Doris Löve, taki að sér matjurtakynbætur. Nefndin fellst á þessar tillögur og leggur til, að frú Löve verði einnig ráðin með byrjunarlaunum sérfræðinga. Ein aðstoðarstúlka er nauðsynleg vegna þessarar starfsemi.

Nauðsynlegt er fyrir þessar tilraunir að hafa gróðurhús til margs konar nota, og leggur nefndin til, að reist verði tvö gróðurhús, hvort um sig ca. 400 m². Í öðru gróðurhúsinu fara fram rannsóknir við mismunandi hitastig, en í hinu gróðurhúsinu verða væntanlega ræktuð þau afbrigði, er framleidd verða.

Þessi gróðurhús er vitanlega ekki hægt að reisa á lóð Háskólans og óráðlegt að reisa þau á landi Keldna, jafnvel þótt heitt vatn fengist úr hitaveitunni, sem er mjög ólíklegt. Virðist því ráðlegast að leita að nýjum stað fyrir þessa starfsemi, þar sem landrými væri einnig nægilegt fyrir jarðræktartilraunir, fjölgun gróðurhúsa í framtíðinni og heitt vatn væri fyrir hendi.

Nefndin hefur falið þeim sérfræðingunum dr. Birni Jóhannessyni og dr. Áskeli Löve að athuga nú þegar gaumgæfilega, hvar hentugast er að öllu athuguðu að finna þessari starfsemi stað, og má vænta álits þeirra bráðlega.

Á það má benda í þessu sambandi, að gróðurhúsarækt dr. Áskels Löve mun vafalaust vaxa mjög á næstu árum, og hefur hann hug á að koma starfseminni í það horf, að allverulegar tekjur fáiast af henni, svo að hún geti að verulegu leyti staðið undir kostnaði við jurtakynbætur. Er það mjög veigamikil ástæða, og er því allsendis óráðlegt að byrja þessa starfsemi á Keldum, þar eð sýnt er, að hún á eftir að vaxa og verða allumfangsmikil bráðlega.

Dr. Áskell Löve mun einnig hafa í huga, þegar tími er kominn til, að afla þessum rannsóknum tekna með fræsölu.

Nokkur áhöld mun einnig þurfa að kaupa, og teljast þau til stofnkostnaðar.

Aukinn kostnaður vegna 2. liðar verður því aðeins lauslega áætlaður, og er ekki hér talinn kostnaður vegna útvegunar á landi.

Þessi lauslega áætlun er eins og hér segir:

Stofnkostnaður:

| | | |
|--|---------------|---------------|
| 1. Gróðurhús með ljósaútbúnaði | kr. 120000.00 | |
| 2. Jurtaþottar, trékassar, sigti o. s. frv. | — 3000.00 | |
| 3. Ýmis finni áhöld | — 6500.00 | |
| 4. Reiknivél og ritvél | — 3000.00 | |
| 5. Húsgögn | — 5000.00 | |
| 6. Spírukassi með gleri og pappír | — 1500.00 | |
| | | kr. 139000.00 |

Rekstrarkostnaður:

| | | |
|--|--------------|-----------------------|
| 1. Laun Á. L. 9600.00 | kr. 26400.00 | |
| 2. Laun D. L. 7200.00 | — 19800.00 | |
| 3. Laun aðstoðarst. 3600.00 | — 9900.00 | |
| 4. Rekstrarkostn., ferðakostn. o. fl. | — 15000.00 | |
| | | — 71100.00 |
| | | Samtals kr. 210100.00 |

Auk þessa, sem nú er talið, verður að gera ráð fyrir kostnaði við rekstur jarðræktarstöðvar þeirrar, sem um hefur verið rætt. Er eðlilegast að telja það sameiginlegan kostnað þeirra dr. Björns Jóhannessonar og dr. Áskels Löve. Eftirfarandi þykir hæfilega áætlað:

| Stofnkostnaður: | | |
|--|-------|----------------------|
| 1. Byggingar (geymsluskúr o. fl.) | | kr. 50000.00 |
| 2. Vélar og áhöld til jarðvinnslu, sáningar o. fl. | | — 15000.00 |
| 3. Áhöld í vinnustofu á tilraunastöð | | — 5000.00 |
| | | <u>kr. 70000.00</u> |
| Rekstrarkostnaður: | | |
| 1. Vinnumaður 6000.00 | | kr. 16500.00 |
| 2. Kaup lausafólks yfir sumarið | | — 10000.00 |
| | | <u>— 26500.00</u> |
| | | Samtals kr. 96500.00 |

Liður 3. Nefndin gerir ráð fyrir, að þessi starfsemi haldist í sama formi og verið hefur, en þessa starfsemi annast nú mað. Ingólfur Davíðsson og hr. Geir Gígja.

Liður 4. Fóðurrannsóknir og fóðrunartilraunir annast hr. Pétur Gunnarsson landbúnaðarkandidat, og fer sú starfsemi fram að nokkru leyti í atvinnudeildarbygginginni og að nokkru leyti að Keldum.

Liður 5. Búfjáarkynbætur annast dr. Halldór Pálsson, og hefur hann tilraunabú á Hesti í Borgarfirði. Hann hefur með bréfi, dags. 11. sept., farið fram á, að bætt verði við deildina tveim starfsmönnum, efnafraeðingi og sérfræðingi í sæðingu húsdýra. Skipulagsnefnd hefur lagt til í tillögum sínum um iðnaðardeild, að nýr efnafraeðingur verði ráðinn að iðnaðardeild, er annast rannsóknir fyrir landbúnaðardeild, og þykir eðlilegra, að sú skipun verði á höfð, þar sem hann starfar í húsakynnum iðnaðardeildar.

Nefndin fellst á, að æskilegt sé, að sérfræðingur í sæðingu húsdýra verði ráðinn, en telur eins eðlilegt, að hann verði á vegum Búnaðarfélags Íslands.

Samkvæmt áætlun rannsóknarráðs var rekstrarkostnaður og kostnaður við nýjar framkvæmdir í landbúnaðardeild áætlaðar kr. 820372.50 fyrir árið 1946.

Samkvæmt áætlun skipulagsnefndar verður kostnaðurinn eins og hér segir:

A) Vegna rannsókna jurtasjúkdóma, fóðurrannsókna og fóðrunartilrauna og búfjárbóta:

| | | | |
|--|-------|----------------------------|----------------------|
| 1. Laun: | | | |
| | | Grunnlaun með vísitölu 275 | |
| Forstjóri, Halldór Pálsson | | 10200.00 | 28050.00 |
| Geir Gígja | | 9600.00 | 26400.00 |
| Ingólfur Davíðsson | | 9600.00 | 26400.00 |
| Pétur Gunnarsson | | 9600.00 | 26400.00 |
| Jakob Línal, samkv. sérst. samningi | | 2500.00 | 6875.00 |
| | | | <u>kr. 114125.00</u> |
| 2. Bækur og tímarit | | | — 3000.00 |
| 3. Ferðakostnaður: | | | |
| | | kr. 10000.00 | |
| Halldór Pálsson | | — | 6000.00 |
| Geir Gígja | | — | 6000.00 |
| Ingólfur Davíðsson | | — | 6000.00 |
| Pétur Gunnarsson | | — | 6000.00 |
| | | | <u>— 28000.00</u> |
| 4. Útgáfukostnaður | | | — 8000.00 |
| 5. Til áhaldakaupa | | | — 15000.00 |
| 6. Sími, póstur o. fl. | | | — 2000.00 |
| 7. Ýmislegt, viðhald, viðgerðir o. fl. | | | — 5000.00 |
| Fjárræktarþúið að Hesti (óbreytt). | | | |
| Rekstrarhalli | | | — 61000.00 |
| Viðbótarstofnkostnaður | | | kr. 146000.00. |

| | | |
|--|---------|---------------|
| Þar eð nefndin hefur gert tillögur um, að Keldnabúið verði lagt undir læknadeild, en þeir Pétur Gunnarsson og Ingólfur Davíðsson munu reka nokkra starfsemi þar áfram eins og að undanfögnu, er kostnaður vegna þessa áætlaður | kr. | 10000.00 |
| B) Kostnaður við starfsemi dr. Björns Jóhannessonar: | | |
| Stofnkostnaður kr. 80000.00. | | |
| Rekstrarkostnaður | — | 65800.00 |
| Kostnaður við starfsemi dr. Áskels Löve: | | |
| Stofnkostnaður kr. 139000.00. | | |
| Rekstrarkostnaður | — | 71800.00 |
| Sameiginlegur stofnkostnaður Á. L. og B. J. kr. 70000.00. | | |
| Sameiginlegur rekstrarkostnaður Á. L. og B. J. | — | 26500.00 |
| | Samtals | kr. 409625.00 |
| Heildarkostnaður landbúnaðardeildar verður því: | | |
| Stofnkostnaður vegna búsinis á Hesti | kr. | 146000.00 |
| — — — — — starfsemi B. J. | — | 80000.00 |
| — — — — — Á. L. | — | 139000.00 |
| — — — — — B. J. og Á. L. .. | — | 70000.00 |
| | | kr. 435000.00 |
| Rekstrarkostnaður | — | 409625.00 |

Fylgiskjal V.

SKIPULAGSNEFND ATVINNUDEILDAR HÁSKÓLANS

Reykjavík, 20. sept. 1945.

Skipulagsnefnd hefur með bréfum, dags. 5. júní, 13. sept. og 20. sept., sent hinu háa ráðuneyti tillögur um breytingar á skipulagi Atvinnudeildar og hefur lagt til, að deildirnar verði fjórar: fiskirannsóknadeild, fiskiðnaðardeild, iðnaðardeild og landbúnaðardeild. Samkvæmt tillögum vorum verður árlegur rekstrarkostnaður þessara deilda eins og hér segir, miðað við vísitölu 275 (tillögurnar um fiskirannsóknadeild og fiskiðnaðardeild voru miðaðar við vísitölu 274 stig):

| | | |
|--|---------|-------------|
| Fiskirannsóknadeild | kr. | 387224 |
| Fiskiðnaðardeild | — | 237624 |
| Iðnaðardeild | — | 204675 |
| Landbúnaðardeild | — | 409625 |
| | Samtals | kr. 1239148 |
| Stofnkostnaður: | | |
| vegna fiskirannsókn- og fiskiðnaðardeildar | kr. | 1500000 |
| vegna iðnaðardeildar | — | 75000 |
| vegna landbúnaðardeildar | — | 435000 |
| | Samtals | kr. 2010000 |

Á það skal benti, að tillögur vorar eru miðaðar við framtíðarfyrirkomulag Atvinnudeildarinnar, þegar byggingar þær, er um getur í tillögunum, hafa verið reistar og allir starfsmenn ráðnir. Má gera ráð fyrir, að minnst tvö ár líði, unz þessu er öllu komið í kring. Rekstrarkostnaður þessi mun þykja allhár, og telur nefndin það því mjög æskilegt, að athugaðir verði möguleikar á að afla þessari deild frekari tekna en gert er ráð fyrir í tillögunum. Gróðurhúsarekstur dr. Áskels Löve mun væntanlega, þegar tímar líða, geta gefið allverulegar tekjur. Þá vill nefndin benda á, að

henni virðist sem taka mætti nokkurt gjald af blómum og ávöxtum, er ræktaðir eru í gróðurhúsum þeim, sem nú eru rekin, einkum mætti leggja sérstakan skatt á alla blómasölu. Þá mætti einnig gera ráð fyrir tekjum af kynbótastarfsemi landbúnaðardeildar. Loks ætti fiskiðnaðardeild að geta aflað verulegra tekna með mati og rannsóknnum fyrir framleiðendur. Svipuðu máli kynni að gegna um rannsókn byggingarefna, og má í því sambandi benda á ný byggingarefni eins og gasbeton og einangrunarefni eins og klettaull (rock wool) o. fl., sem hægt er að framleiða hér á landi og mundi hafa vafalausan sparnað í för með sér, og er þess að vænta, að innan fárra ára verði reistar verksmiðjur hér til þess konar framleiðslu.

Ef allir þessir möguleikar til öflunar tekna verða hagnýttir, mundi reynast unnt að lækka verulega framlag ríkissjóðs til rekstrarkostnaðar deildarinnar.

Á það skal að lokum bent, að þótt ofangreindar tölur virðist nokkuð háar, hlýtur sú krafa að verða gerð, að aðalatvinnuvegir þjóðarinnar hvíli á vísindalegum grunni, enda má benda á, að í Bandaríkjunum þykir eðlilegt hjá stórum iðnfyrirtækjum, að 1—5% af framleiðsluverðmæti renni til vísindalegra rannsókna til þess að gera vörur þær, er um ræðir, eins vel úr garði og unnt er. Enn standa Íslendingar mjög að baki öðrum menningarþjóðum að kunnáttu í framleiðslu, og er það trú vor, og þegar þessum málum verður skipað í samræmi við kröfur annarra þjóða og Íslendingar framleiða vörur, er að gæðum og verði geta keppt við hinar beztu vörur á heimsmarkaðinum, muni úlflutningsverðmæti íslenzkra afurða geta aukizt stórkostlega og margendurgreitt kostnað þann, er rannsóknir Atvinnudeildar hafa í för með sér.

Fylgiskjal VI.

5. 6. 1945.

Til kennslumálaráðherra.

Í Árbók háskólans 1930—31 bls. 66 er skýrt frá tillögu til þingsályktunar, þar sem m. a. er komizt svo að orði:

1. Að láta rannsaka, að hve miklu leyti og hvernig væri unnt að koma á fót undirbúningskennslu við Háskóla Íslands í þeim námsgreinum, sem þar eru ekki kenndar nú, til þess að styttu nám í þeim erlendis.

Fylgdi tillögu þessari ýtarleg greinargerð ásamt 4 fylgiskjölum, og er fylgiskjal I álit sérfræðinga, er Vísindafélag Íslands skipaði, um undirbúningsnám við Háskóla Íslands, m. a. um undirbúningsnám í náttúruvísindum (Árbók 1930—31, bls. 70—78). Á fylgiskjali III (bls. 9) er birt áætlun um kostnað við fyrrihlutanám í náttúrufræði, og er þar gert ráð fyrir 2 ára námi eða 4 missira til fyrri hluta. Er þar gert ráð fyrir kennslu í dýrafræði, grasafæði, jarðfræði, stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði og auk þess eðlisfræði- og efnafræðitilraunir og kostnaður áætlaður kr. 9840. Háskólinn hefur ætíð verið þeirrar skoðunar, að mjög æskilegt væri, að tekin væri upp kennsla í náttúruvísindum, að minnsta kosti til fyrri hluta, og gerði raunar ráð fyrir því, er Atvinnudeildin var sett í laggirnar 1937, að hún yrði ein deild háskólans, — enda er hún talin meðal annarra deilda í nógildandi háskólalögum, — og að starfsmenn hennar önnuðust kennsluna í náttúruvísindum að miklu leyti. Úr þessu hefur enn ekki orðið, og Atv.deildin hefur því hingað til ekki haft önnur tengsl við háskólann en nafnið eitt. Háskólinn hefur reynt að bæta úr þessu, og á fundi háskólaráðs 9. okt. 1942 var kosin nefnd til þess að semja álit um tilhögun og kostnað við væntanlega kennslu í náttúrufræði við Háskóla Íslands. Í þessari nefnd áttu sæti: Ólafur Lárusson próf., Jón Steffensen próf., Árni Friðriksson mag. og dr. Finnur Guðmundsson. Nefnd þessi sendi háskólaráði tillögur sínar 1. nóv. s. á., er fylgja hér með, enn fremur áætlun um byrjunarkostnað vegna kennslu í náttúrufræði, er sömuleiðis fylgir hér með, er þeir Árni Friðriksson og Finnur Guðmundsson sömdu, og loks greinargerð eftir sömu menn um próf í náttúrufræði, er einnig fylgir hér með.

Mál þetta var síðan rætt í fjárveitinganefnd Alþingis og hlaut þar góðar undir-

tektir, en þó þótti ekki ráðlegt að veita umbeðnar 50000 kr. til stofnkostnaðar (einkum áhaldakaupa), fyrr en tryggt væri, að fyrrihlutapróf í náttúrufræðum við Háskóla Íslands yrði fullgilt. Þar eð ekkert samband náðist við háskólana í Danmörku og Noregi, var leitað álits sænskra háskóla, fyrir milligöngu sendifulltrúa Svía, um viðhorf þeirra gagnvart fyrirhuguðu námi í náttúruvísindum til fyrri hluta við Háskóla Íslands, hvort slík námsáætlun yrði tekin þar gild. Fylgir hér greinargerð Árna Friðrikssonar mag., er send var til Svíþjóðar: Punkter angaaende paatænkt Undervisning i Naturvidenskab og Geografi ved Islands Universitet. Svar barst háskólanum í bréfi frá sendifulltrúa Svía 4. febr. '44, og fylgdi því eftirfarandi bréf frá háskólakanslara Svía, hr. Östen Undén, til sendifulltrúans:

„I anledning av Ditt brev om isländares möjlighet att avlägga en kombinerad isländsk-svensk examen i naturvetenskapliga ämnen underställde jag frågan de närmast intresserade professorerna i Uppsala och vid Stockholms högskola. Deras yttranden bifogas till Din personliga information.

Jag tror saken kan ordnas, men anser det nog vara mest praktiskt, om det sker genom en isländsk förordning som förklarar att svensk tentamen i vederbörande „hovedfag“ kan ingå i en isländsk examen. Hos oss i Sverige kan numera — sedan „riksgiltighet“ införts för tentamina — en student ta examen i Upsala på grundvalen av exempelvis tentamen i Lund i två ämnen och i Uppsala i ett ämne.

Skall en svensk fil.kand. examen avläggas på grundvalen av tentamina dels i Reykjavík, dels i t.ex. Uppsala, få det kanske uppställas några detaljvillkor angående de isländska tentamina. Examensordningen i Sverige överensstämmer ej med den i Danmark; vi ha ej indelningen i „hovedfag“ och „bifag“. Men nog bör det gå också på denna vägen, om så befinnes särskilt önskvärt.“

Af bréfi þessu mun ljóst vera, að fleiri en ein leið eru hugsanlegar til þess að tengja saman íslenskt og sænskt próf, og mun litlum vafa undirorpið, að samkomulag mun einnig fást við norska og danska háskóla, er leitað verður til þeirra.

Þegar samkomulag náðist milli háskólans og kennslumálaráðherra 1935 um, að háskólinn léti á sinn kostnað (af tekjum happdrættisins) reisa núverandi Atvinnudeild, var skipzt á bréfum milli þáverandi ráðherra, Haraldar Guðmundssonar, og þáverandi rektors, Alexanders Jóhannessonar, en í þessum bréfum voru sett fram af beggja hálfu skilyrði fyrir samkomulaginu. Eru þau prentuð í Árbók Háskólans 1934—35, bls. 15, og er þar m. a. komið svo að orði:

„Ríkisstjórn skuldbindur sig til að stuðla að því, að fé verði veitt til kennslu í eðlisfræði og stærðfræði, svo að unnt sé að taka upp kennslu þá, sem gert er ráð fyrir í 14. gr. laganna, þegar aðiljar þeir, er 14. gr. tilnefnir, hafa komið sér saman um, að slík kennsla skuli hafin.“

En í 14. gr. laga um rannsóknarstofnun í þarfir atvinnuveganna við Háskóla Íslands (sjá Árbók 1934—35, bls. 68—71) stendur:

„Þegar því verður við komið, að dómi Rannsóknarstofnunarinnar, háskólaráðs og atvinnumálaráðherra, skal tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem Rannsóknarstofnunin einkum fjallar um, og skyldum námsgreinum. Skal þá lögð sérstök áhersla á fyrrihlutanámsgreinar tekniskra fræða og náttúruvísinda, með hliðsjón af, að síðari hluti námsins geti farið fram erlendis.

Starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar skulu, eftir því sem atvinnumálaráðherra telur við eiga, stunda kennslu við háskólann án sérstakrar borgunar. Verklegar æfingar, sem nemendur háskólans framkvæma samhliða kennslunni, skulu framkvæmdar í rannsóknarstofnunni, eftir því sem við á og hentugt þykir, og skulu starfsmenn Rannsóknarstofnunarinnar aðstoða við þær án sérstakrar borgunar, eftir nánari ákvörðun atvinnumálaráðherra.

Kennarar Rannsóknarstofnunarinnar mynda þá sérstaka kennsludeild í háskólanum, og lýtur hún sömu almennu fyrirmælum um skipulag sem aðrar kennsludeildir háskólans.“

Af þessu er ljóst, að frá því 1935 var gert ráð fyrir því, að Atvinnudeildin yrði kennsludeild, og stúdentar einnig oft látið þó ósk í ljós.

Þess verður að geta, að lög þau (frá 1934) um rannsóknarstofnun í þágu atvinnuveganna, sem vitnað var í að framan (14. grein), voru numin úr gildi með lögum um náttúrurannsóknir (nr. 68) frá 7. maí 1940. 19. grein þeirra laga fjallar um kennslu í náttúrufræði, og er hún á þessa leið:

„Nú verður tekin upp kennsla við Háskóla Íslands í þeim fræðigreinum, sem atvinnudeild fjallar um, og skulu þá starfsmenn deildarinnar stunda þá kennslu, eftir því sem henta þykir og ákveðið er í reglugerð háskólans. Háskólaráð getur ákveðið, með samþykki ráðherra, að verklegar æfingar háskólastúdenta í efnafræði og öðrum skyldum námsgreinum skuli fram fara í atvinnudeild undir handleiðslu starfsmanna hennar. Eigi er skylt að greiða starfsmönnum atvinnudeildar sérstök laun fyrir störf í þjónustu háskólans samkvæmt þessari grein.“

Þó að þessi lög (1940) nemi eldri lögín úr gildi, kemur þó 19. grein þeirra aðeins í stað hluta 14. gr. eldri laganna, þar sem í hana vantar ákvæði um, hvaða skilyrðum skuli fullnægt til þess að kennsla geti hafizt, þ. e.: þegar því verði við komið að dómi ráðherra, háskólaráðs og forstjóra atvinnudeildar, eins og skilgreint er í lögnum frá 1934.

Einnig skal á það bent, að í launalögnum, sem samþykkt voru á síðasta Alþingi, er ráðherra gefin heimild til að hækka laun forstjóra atvinnudeildar, ef þeir gegna kennslustörfum við háskólann, úr kr. 10200 í 11100 (prófessorslaun), og hefur ráðherra þegar notfært sér þessa heimild (Trausti Ólafsson).

Þar eð sú kennsla er nú komin á í stærðfræði og eðlisfræði, er um getur í áðurgreindum samningi þáverandi rektors háskólans við kennslumálaráðherra Harald Guðmundsson, innan verkfræðideildar, en hins veðar gert ráð fyrir, að starfsmenn Atvinnudeildar tækju að sér kennsluna í öðrum greinum (náttúrufr., landafr. etc.), virðist nú tími kominn til þess að verða við margendurteknum óskum háskólans í þessum efnum, einkum þar sem háskólinn hefur lofað að reisa á næstu árum náttúrugripasafn á háskólalóðinni og greiða kostnaðinn af tekjum happdrættisins.

Fylgiskjal VII.

Hve margra náttúrufræðinga þarf Ísland?

Nefndin hefur þegar snúið sér til millipinganefndar í skólamálum og spurzt fyrir um, hve margra náttúrufræðinga mundi þörf á næstu árum til kennslu í framhaldsskólum landsins. Með bréfi 7. júní hefur nefndinni borizt eftirfarandi svar:

„Út af bréfi yðar, dags. 5. þ. m., hefur millipinganefnd í skólamálum á fundi sínum í gær rætt um það, hve margra náttúrufræðinga mundi þörf á næstu árum til kennslu í framhaldsskólum landsins. Telur nefndin það sennilegt, verði frumvörp hennar að lögum, að þörf mundi þá þegar 10—12 náttúrufræðinga og hin næstu ár 3 árlega, meðan lögín verða að komast til fullra framkvæmda.“

Virðingarfyllst.

F. h. millipinganefndar í skólamálum.

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Elíasson.

Auk þeirra náttúrufræðinga, sem þarna er gert ráð fyrir, er nauðsynlegt að ætla nokkurn fjölda til annarra starfa, svo sem vísindalegra rannsókna, sem starfsmenn

stórútgærðarfyrirtækja og sem kennara við stærstu barnaskólana. Mun því síst of mikið í lagt, þó gert sé ráð fyrir, að halda þurfi á a. m. k. helmingi fleiri náttúrufræðingum en gert er ráð fyrir af millipinganevnd í skólamálu.

Fylgiskjal VIII.

Endurskoðuð kostnaðaráætlun um kennslu í náttúruvísindum til fyrri hluta.

Kennslugreinar yrðu: Heimspeki, efnafræði, eðlisfræði, dýrafræði, jurtafræði, jarðfræði og landafræði. Háskólinn heldur þegar uppi kennslu í öllum þessum greinum, nema dýrafræði, jurtafræði og landafræði, og mundu starfsmenn atvinnudeildar taka að sér kennslu í tveimur þeim fyrrgreindu. Ef gert er ráð fyrir, að forstjórar, sem kenna dýrafræði og jurtafræði, hækkuðu um 900 kr. í launum vegna kennslunnar (sbr. launalögin) og tveir aðstoðarmenn þeirra fengju 600 kr. þóknun fyrir að stjórna verklegum æfingum, yrði kostnaður:

a) við dýrafræði kr. 1500.00 á ári.

b) við jurtafræði — 1500.00 á ári

eða 8220 kr. samtals með visitölu.

Landafræðikennslan yrði greidd sem tímakennsla, og áætlun við hana kr. 1780, sem er fullhátt (ca. 60 stundir á ári).

Allur kostnaður vegna kennslu yrði þá kr. 10000.00, en þar við mundi bætast það, sem þyrfti til efna og áhalda.

Áður hefur verið gert ráð fyrir, að stofnkostnaður yrði um kr. 50000.00.

Fylgiskjal IX.

Tilraunastofnun í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit.

Nákvæm áætlun um byggingarframkvæmdir á Keldum og teikningar af húsum hefur enn ekki verið gerð.

Yfirlit hefur þó verið gert um, hve mikið húsrúm verður nauðsynlegt til starfseminnar og hvernig því verður fyrir komið í aðalatriðum. Áætlun þessi, sem á sínum tíma var lögð fyrir fjárveitinganevnd Alþingis og lá til grundvallar fjárveitingu þingsins, gerir ráð fyrir 1650000.00 kr. til þessara bygginga: 1. Vinnustofa bygging 12×27.5 metrar, 2. dýrahús A 9×27 metrar, 3. dýrahús B 7×27 metrar, 4. íbúðarhús svipað bústöðum héraðslækna að stærð og kostnaði.

Ekki þykir ástæða til að lýsa þessum fyrirætlunum nánar, þar eð þær hljóta að mótast að nýju í höndum húsameistarans, þegar þar að kemur.

Þá var gert ráð fyrir 64000.00 kr. kostnaði við byggingu tveggja áburðargryfja, vatnslagnar og vegar frá þjóðveginum.

Áætlað verð rannsóknaráhalda og bóka var 198510.00 og heildarkostnaður þannig 1912510.00 kr.

Nú er sjáanlegt, að rannsóknaráhöld verða nokkru dýrari en búizt hafði verið við, og nálgast þá heildarkostnaður 2000000.00 kr.

Þess skal getið, að skrifstofa húsameistara ríkisins aðstoðaði við kostnaðaráætlun um byggingaframkvæmdirnar.

Áætlun um kostnað við áhöld og bækur hefur verið yfirfarin að nýju í samráði við Innkaupadeild Rockefeller Foundation í New York.

Fskj. 1.

Áætlun um árlegan kostnað við rekstur tilraunastofnunar í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit.

I. Laun.

| | | |
|-----------------------------|--------------|---------------|
| Forstöðumaður | kr. 11100.00 | kr. 11100.00 |
| 1 rannsóknamaður | — 11100.00 | — 11100.00 |
| 2 rannsóknamenn | — 10200.00 | — 20400.00 |
| 2 aðstoðarmenn | — 7800.00 | — 15600.00 |
| 3 aðstoðarstúlkur | — 5400.00 | — 16200.00 |
| Ráðsmaður | — 6000.00 | — 6000.00 |
| Dýrahirðir | — 4800.00 | — 4800.00 |
| Bílstjóri, húsvörður | — 6000.00 | — 6000.00 |
| Skrifstofustúlka | — 4800.00 | — 4800.00 |
| Aðstoðarmaður á búinu | — 4800.00 | — 4800.00 |
| | | <hr/> |
| | | kr. 100800.00 |

Heildarupphæð launa m/visitölu 274 kr. 276192.00.

II. Annar kostnaður.

| | |
|---|---------------|
| 1. Rannsóknakostnaður, tilraunadýr, efni og áhöld | kr. 70000.00 |
| 2. Eldsneyti, rafmagn, sími | — 15000.00 |
| 3. Rekstrarkostnaður á bíl | — 10000.00 |
| 4. Umbúðir | — 8000.00 |
| 5. Bækur | — 8000.00 |
| 6. Ferðakostnaður | — 10000.00 |
| 7. Flutningskostnaður, burðargjald | — 5000.00 |
| 8. Viðhald fasteigna | — 10000.00 |
| 9. Viðhald lausra muna | — 5000.00 |
| 10. Þvottur og hreinlætisvörur | — 3000.00 |
| 11. Ýmis gjöld | — 5000.00 |
| | <hr/> |
| Samtals | kr. 149000.00 |

| | |
|--|---------------|
| I. Heildarupphæð launa m/ visitölu | kr. 276192.00 |
| II. Annar kostnaður | — 149000.00 |
| | <hr/> |
| Samtals | kr. 425192.00 |

Fskj. 2.

Áætlun um tekjur tilraunastofnunar í sjúkdómafræði á Keldum í Mosfellssveit.

| | |
|---|--------------|
| 1. Tekjur af bóluefni og serum gegn lambablóðsótt | kr. 40000.00 |
| 2. Tekjur af lungnapestarbóluefni | — 14000.00 |
| 3. Tekjur af seldum búsafurðum | — 15000.00 |
| 4. Tekjur af kjúklingasóttarantigeni | — 5000.00 |
| | <hr/> |
| | Kr. 74000.00 |

Fylgiskjal 3.

Sparnaður á greiðslum ríkissjóðs til annarra stofnana, yrði hafin starfræksla á Keldum, eins og ráðgert er í áætlun um rekstur þar.

| | | |
|--|--------------|---------------|
| 1. Laun Björns Sigurðssonar | kr. 10200.00 | kr. 27948.00 |
| 2. Laun aðst.st. 2. aðstm. | — 6000.00 | — 16440.00 |
| 3. ½ laun aðstoðarmanns 1. aðstm. | — 3900.00 | — 10686.00 |
| 4. Laun og rannsóknakostn. Guðm. Gíslasonar og aðstoðarm. | — 80000.00 | — 80000.00 |
| 5. Núverandi áætlaður kostnaður við Keldnabúið | — 70000.00 | — 70000.00 |
| 6. Léttir af sauðfjársjúkdómanefnd vegna garna-veikirannsóknna o. fl. | | — 100000.00 |
| | | <hr/> |
| | Samtals | kr. 305074.00 |

Yfirlit.

| | |
|---------------------------------------|---------------|
| Árlegur rekstrarkostnaður | kr. 425192.00 |
| Árlegur sparnaður annars staðar | kr. 305074.00 |
| Árlegar tekjur | — 94000.00 |
| | <hr/> |
| Mismunur | kr. 26118.00 |
| | <hr/> |
| | kr. 425192.00 |
| | kr. 425192.00 |

Fylgiskjal 4.

Athugasemdir.

Varðandi rekstraráætlunum er rétt að taka þetta fram:

Launahæð er ákveðin með hliðsjón af lögum um laun starfsmanna ríkisins frá síðasta Alþingi. Heildarupphæð launa er reiknuð með visitölu 274.

Annar kostnaður er að sjálfsögðu mjög lauslega áætlaður, en reynt hefur verið að styðjast við tilsvarendi liði í kostnaði Rannsóknarstofu háskólans.

Tekjur: Gert er ráð fyrir í samráði við prófessor Niels Dungal, forstöðumann Rannsóknarstofu háskólans, að bóluafni og serum gegn lambablóðsött og lungna-pestarabóluafni verði framleitt á Keldum og upphæðin áætluð í samræmi við reynslu síðustu tveggja ára. Tekjur af seldum búsafurðum eru áætlaðar fremur lágar, vegna þess að nokkuð af þeim yrði selt tilraunastarfseminni. Þeir liðir hafa þá heldur ekki verið færðar tilraunastarfseminni til útgjalda, og breytir það þannig ekki afkomunni út á við.

Sparnaður annars staðar: Gert er ráð fyrir, að kostnaður við vinnu Björns Sigurðssonar og Guðmundar Gíslasonar og aðstoðarfólks þeirra annars staðar falli niður.

Kostnaður sauðfjárveikivarnanna við starfsemi Guðmundar Gíslasonar er 70 þús. kr. Þar við bætast 10 þús. kr., sem rannsóknarstofu háskólans hefur verið greitt vegna aðstoðar og vinnuskilyrða Guðmundar Gíslasonar.

Í fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir 90 þús. kr. fjárveitingu til Keldnabúsins eins og það er nú. Þar er auk þess gert ráð fyrir 20 þús. kr. tekjum landbúnaðardeildar, en það mun aðallega vera tekjur af afurðasölu Keldna. Mismunurinn, 70 þús. kr., er því hér færður sem kostnaður við Keldur nú, og félli það undir starfsemi stofnunarinnar eins og hún hefur verið áætluð í heild.

Í frumvarpi til fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var gert ráð fyrir 320 þús. kr. fjárveitingu (16. gr. 26. lið) til rannsókna og tilrauna vegna sauðfjársjúkdóma á vegum sauðfjársjúkdómanefndar. Þessi liður mun vera innifalinn í 16. gr. nr. 32 sem áætlaður kostnaður vegna sauðfjársjúkdóma, alls 2600000 kr. á núverandi fjárlögum. Af þessum 320 þús. kr. fara samkvæmt greinargerð sauðfjársjúkdómanefndar 70 þús. kr. til starfsemi Guðmundar Gíslasonar, eins og áður er talið. Enn fremur fé til greiðslu kostnaðar við prófun á garnaveiki í stærri stíl. Þykir ekki ofætlað, að 100 þús. kr. mundi þurfa til þess og annarra rannsókna tilsvarendi,

ef þær ættu að gerast undir óhentugum skilyrðum, en í stórum stíl. Að öðru leyti mun þessi 320 þús. kr. fjárhæð ætluð til skoðana á sjúku fé og sýktum líffærum úti um land o. s. frv., en sú nauðsyn helzt að sjálfsögðu óbreytt.

Að lokum skal þess getið, að líklegt verður að teljast, að ekki líði á löngu, þar til nýir tekjustofnar myndist, sem mundu létta undir með rekstrinum.

Það skal að síðustu tekið fram, að á þessu stigi málsins hlýtur áætlun um rekstrarkostnað að vera allónákvæm og þarfnast leiðréttingar síðar.

Fylgiskjal XI.

RANNSÓKNASTOFA HÁSKÓLANS

Reykjavík, 18. júní 1945.

Áætlaðar breytingar á tekjum og gjöldum Rannsóknastofu Háskólans vegna rannsóknastofunnar að Keldum og stofnunar fyrir fiskiðnað:

Tekjumissir:

| | | |
|--|-----|---------------|
| Lambablóðsóttarbóluefni og serum | kr. | 41000.00 |
| Lungnapestarbóluefni | — | 14000.00 |
| A- og D-vítamin til smjörlikisgerðar og analysur | — | 50000.00 |
| | | <hr/> |
| | | Kr. 105000.00 |

Útgjaldasparnaður:

| | | |
|--|-----|--------------|
| Laun Þorsteins Þorsteinssonar | kr. | 20000.00 |
| Laun Halldórs Vigfússonar | — | 15000.00 |
| Dýrafóður | — | 5000.00 |
| Glös og efni til bóluefnisgerðar | — | 4000.00 |
| A- og D-vítamin, aðkeypt | — | 15000.00 |
| | | <hr/> |
| | | Kr. 59000.00 |

Tekjumismunur kr. 46000.00

Síðastliðin tvö ár hefur ríkisstyrkur til R. H. numið um kr. 200000.00 á ári. Vegna þessara fyrirhuguðu breytinga mundi ríkisstyrkurinn til þessarar stofnunar þurfa að hækka upp í kr. 250000.00.

Þeir tekjustofnar, sem R. H. gerir ráð fyrir að halda eftir, eru:

| | | |
|---------------------------|-----|---------------|
| Bráðapestarbóluefni | ca. | 70000.00 |
| Ormalyf | ca. | 20000.00 |
| Ýmsar tekjur | | 33000.00 |
| | | <hr/> |
| | | Kr. 123000.00 |

Gert er ráð fyrir, að ráðinn verði læknir í stað Björns Sigurðssonar, sem verði sérfræðingur í sýklafræði, því að störf stofnunarinnar á því sviði hafa farið mjög vaxandi, og veitir ekki af sérfróðum manni á því sviði, enda nauðsynlegt vegna kennslunnar, sem er ofvaxin einum manni, ef unnt á að vera að kenna meinafræði og sýklafræði sæmilega.

Niels Dungal.

Fylgiskjal XII.

Afrit.

TRE ROCKEFELLER FOUNDATION

49 West 49th Street
New York 20, N.Y.
COPY for Dr. B. Sigurdsson.

(The original of this letter, and a similar letter addressed to the Hon. Mr. Ólafur Thors, Premier and Minister of Foreign Affairs, have been sent through The Hon. Mr. Thor Thors, Minister for Iceland, Wash., D.C.)

May 21, 1945.

My dear President Sigurdsson:

I have the honor to inform you that at a meeting of the Executive Committee of The Rockefeller Foundation on May 18, 1945, action was taken providing up to \$ 150000 to the University of Iceland toward the cost of building and equipping an Institute of Experimental Pathology, the Icelandic Government having taken action enabling it to share equally in the expense.

It was the understanding of the meeting based upon information furnished by officers of the Government and University that plans will be completed during this coming summer, and that work will in all probability be completed in two years or less. We shall be glad to arrange to make payments as needed, and we would ask that annual statements of receipts and expenditures be sent us. Any balance remaining unexpended as of December 31, 1947, will revert to the Foundation.

Similar notice is being sent to Mr. Ólafur Thors. It is a pleasure to the Members and officers of the Foundation to report this action, which we hope will facilitate research of much benefit in Iceland.

Very truly yours

Norma S. Thompson
Secretary.

Professor Jon H. Sigurdsson
President, University of Iceland.
Reykjavik, Iceland.

Copy to: Dr. B. Sigurdsson.

Copy of letter to Mr. Ólafur Thors
has been sent to The Honorable Helgi P. Briem.

Fylgiskjal XIII.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Reykjavík, 29. okt. 1945.

Frumvarp það til laga um Atvinnudeild háskólans, er hið virðulega Menntamálaráðuneyti sendi háskólaráði til umsagnar með bréfi dags. 24. þ. m., var rætt á fundi háskólaráðs 26. okt., og var samþykkt einróma að mæla með því, að það yrði að lögum. En jafnframt samþykkti háskólaráð að vekja athygli ráðuneytisins á nokkrum atriðum í frumvarpinu, sem e. t. v. þyrftu breytingar eða frekari athugunar við.

Í 1. gr. vantar grasfræði í tölu námsgreinanna, og virðist sjálfsagt, að henni verði bætt þar við. Hins vegar eru nefndar þar bæði eðlisfræði og stærðfræði. Það er nú eigi líklegt, að sérfræðingar, er kennt geti þessar tvær fræðigreinar, verði í Atvinnudeild, en hins vegar er kennsla í þeim báðum í verkfræðideild og líklegt,

að sú skipan verði á höfð, að stúdentar, er nema náttúruvísindi, sækji kennslu í þeim til verkfræðideildar. Er því athugavert, hvort eigi sé rétt að fella þessar tvær fræðigreinar niður úr upptalningunni í 1. gr., en skipa aðeins fyrir með reglugerð um nám náttúrufræðistudenta í þeim báðum.

Í 11. gr. er mælt svo fyrir, að forstöðumenn deildanna skuli hafa sömu réttindi og skyldur sem prófessorar og aðrir sérfræðingar í Atvinnudeild réttindi og skyldur sem dósentar. Samkv. l. nr. 24 19. maí 1930 gr. 1 njóta dósentar við háskólann þess réttar, að eftir 6 ára starfstíma verða þeir prófessorar með sömu réttindum og skyldum og aðrir prófessorar háskólans. Að frumvarpinu óbreyttu myndu allir sérfræðingar Atvinnudeildar njóta þessa réttar. Það er efasamt, að nefndin, er frumvarpið samdi, hafi veitt þessu atriði athygli. Ástæður þær, er lágu til þess, að l. nr. 24 1930 voru sett, voru þær, að bæta hlut fáeinna háskólakennara, er höfðu fulla kennsluskyldu á við prófessora, en nutu lægri launa en þeir og voru nefndir dósentar. Þær ástæður sýnast varla eiga við um sérfræðinga atvinnudeildar. Virðist því geta komið til álita, hvort eigi væri rétt að setja inn í 11. gr., við síðustu setningaskilin, ákvæði hliðstætt 2. mgr. 3. gr. l. nr. 68 28. des. 1944, er hljóði eitthvað á þessa leið:

„Ákvæði 1. gr. l. nr. 24 19. maí 1930 taka eigi til þessara sérfræðinga Atvinnudeildar.“

Um samband Atvinnudeildar við aðrar deildir háskólans eða um stöðu hennar innan háskólans eru ákvæði frumvarpsins fremur fáskrúðug. Tilætlunin er þó sú, að Atvinnudeildin verði ein af deildum háskólans. Væri æskilegt, að þetta yrði ákveðið nokkru skýrar, og mætti gera það með því að bæta við frumvarpið nýrri grein á eftir 12. gr., svo hljóðandi:

„Að því leyti, sem ekki er öðruvísi ákveðið í lögum þessum, lýtur Atvinnudeild þeim lögum, er á hverjum tíma gilda um Háskóla Íslands.“

Enn fremur þykir ástæða til að benda á það, hvort eigi væri hyggilegra að bera 14. gr. frv. fram sem sérstakt lagafrumvarp. Efni hennar heyrir ekki að sjálfsögðu til öðru efni frumvarpsins, og vegna skilyrða þeirra, er gjöf Rockefeller Institute var bundin, er sérstök þörf á, að sú skipan, sem greinin hefur að geyma, komist sem fyrst í framkvæmd. Það mundi því vera mjög óheppilegt, ef samþykkt hennar á Alþingi tefðist vegna ágreinings um annað efni frumvarpsins.

Enn vill háskólaráð benda á, hvort eigi sé rétt að nema úr lögum II. kafla l. nr. 64 7. maí 1940 í heild sinni.

Að endingu skal þess getið, að háskólaráði kom til hugar, að ritvilla kynni að vera í ákvæðinu til bráðabirgða, „iðnaðardeild“ í stað „fiskiðnaðardeild“. Þar sem hin síðarnefnda deild er enn ekki komin á fót, virðist oss líklegra, að ráðstafa þyrfti verkefnum hennar til annarra deilda en verkefnum iðnaðardeildanna. Frumvarpið endursendist.

Ólafur Lárusson.

Til menntamálaráðuneytisins.

Fylgiskjal XIV.

MILLIÐINGANEFND Í SKÓLAMÁLUM

Reykjavík, 13. okt. 1945.

Samkvæmt ósk ráðuneytisins í bréfi, dags. 5. þ. m., ræddi skólamálanefnd á fundi 6. þ. m. um þann kafla frumvarps til laga um atvinnudeild Háskólans, sem fjallar um kennslu þá, er deildin á að veita, og fylgdi bréfi ráðuneytisins.

Nefndin var á einu máli um það að mæla með umræddum kafla frumvarpsins, enda stefnir hann í sömu átt og tillögur þær, er nefndin gerir um kröfur til menntunar gagnfræðakennara í 38. gr. frumv. til laga um gagnfræðanám, sem er í höndum ráðuneytisins.

Nefndin telur sjálfsgagt, að allir kennarar í gagnfræðaskólum og öðrum slíkum skólum hafi hlotið nokkra undirstöðu í uppeldis- og sálarfræði, en hana getur háskólinn veitt; enn fremur í kennslufræði og kennsluæfingum, sem ætti að mega fá í gagnfræðaskólunum og menntaskólanum hér og svo síðar í kennaradeild við háskólann og æfinga- og tilraunaskólanum, ef frumvörp nefndarinnar þar að lútandi verða að lögum. Mundi því rétt að bæta við 2. gr. orðunum: enda hafi þeir sem aðrir kennarar numið uppeldisfræði, sálarfræði og kennslufræði og tekið þátt í kennsluæfingum.

F. h. millipinganefndar í skólamálum

Ásmundur Guðmundsson. Helgi Eliasson.

Menntamálaráðuneytið, Reykjavík.